

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/847*  
*komudagur 3.12.2012*

Reykjavík, 3. desember 2012

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

Meðfylgjandi er umsögn útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins um ofangreint frumvarp um leið og ítrekaðar eru athugasemdir sem skilað var til nefndarinnar á síðasta löggjafarþingi, bréf dags. 14. maí sl.

### Mikilvægi Ríkisútvarpsins

Hlutverk RÚV í íslensku samfélagi er að upplýsa, fræða og skemmta landsmönnum í gegnum sjónvarps- og hljóðvarpsrásir auk þess sem vefurinn gegnir æ veigameira hlutverki. Þannig er RÚV sameiningarafi allrar þjóðarinnar um leið og það styður við búsetu á öllu landinu. Enginn fjölmiðill nær jafn vel til allra landsmanna og gerir sér jafnmikið far um að sinna öllum landsmönnum. RÚV er skjöldur lýðræðis í landinu og enginn fjölmiðill nýtur viðlíka trausts. RÚV tryggir samkeppni á fjölmiðlamarkaði og kemur í veg fyrir einokun á auglýsingamarkaði. RÚV er eini fjölmiðillinn þar sem hægt er að koma boðum til allra landsmanna óháð búsetu og félagslegri stöðu. RÚV hefur mikilvægu öryggishlutverki að gegna fyrir almenning.

### Almennt um frumvarpið

Til mikilla bóta frá núverandi stöðu mála er að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur RÚV af útvarpsgjaldi verði markaðar og renni óskiptar til félagsins. Þó vantar að kveða á um með hvaða hætti útvarpsgjaldið tekur breytingum, eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þar skiptir mestu að gjaldið fylgi almennum verðlagsbreytingum. Þá eru í frumvarpinu lagðar miklar kvaðir á RÚV sem leiða munu til tekjuskerðingar og kostnaðarhækkana.

1. Áætlað tap vegna takmarkana á sölu auglýsinga og kostunar er um 365 m.kr. á ári.
2. Viðbótarkostnaður vegna reksturs dótturfélags um auglýsingasölu gæti numið um 70 m.kr. á ári.
3. Áætla má að aðrir þættir frumvarpsins leiði til viðbótarkostnaðar sem nemur 30-35 m.kr. á ári.
4. Ófært er að um heimildir til frádráttar innskatts í rekstri RÚV ríki óvissa. Þarna er um verulegt hagsmunamál fyrir RÚV að ræða, sem getur numið nokkrum hundruðum milljóna króna.
5. Þróun síðustu ára sýnir að auglýsingatekjur halda betur í við verðlagsbreytingar en útvarpsgjaldið og því mun skerðing á auglýsingatekjum koma æ harðar niður á RÚV þegar fram í sækir.

Samanlagt felur frumvarpið því í sér áætlaða skerðingu á dagskrárfé RÚV um 450 - 500 m.kr. og er þá ekki tekið tillit til óvissu sem ríkir um frádrátt innskatts í rekstri félagsins.

Afleiðingar takmarkana eru fyrirsjáanlegar. 365-miðlar eru markaðsráðandi á íslenskum auglýsingamarkaði. Markaðshlutdeild þeirra er um 55% borin saman við 20% markaðshlutdeild RÚV. Það er því RÚV sem viðheldur samkeppni á þessum markaði og skapar mótvægi við 365. Skerðing á hlut RÚV þýðir fyrst og fremst að sú yfirburðastaða sem 365-miðlar hafa fyrir styrkist – markaðurinn fær yfirbragð einokunar. Það getur tæplega verið vilji löggjafans að samþykkja frumvarp sem hefur í för sér slíka þróun á markaði.

Stofnun sérstaks dótturfélags um markaðsstarfsemi RÚV er dýr eins og fram kemur að ofan. Írar, og fleiri nágrannaþjóðir okkar sem eru í Evrópusambandinu, eru ekki með dótturfélag til að aðskilja markaðsstarfsemi frá rekstri í almannabágu enda eru til ódýrari leiðir í því sambandi. Evrópusambandið og

ESA gera m.ö.o. ekki kröfu til aðildarríkja sinna um að vera með dótturfélagsform utan um markaðsstarfsemi miðla í almannapágu, sjá einnig meðfylgjandi bréf frá yfirlögfræðingi NRK, dagsett 3. desember 2012. Það er því mótsagnarkennt að slíkt skuli vera lagt til hér á landi þar sem ekki nýtur við hagkvæmni stórra rekstrareininga eins og erlendis. Nærtækara væri að hafa sambærilegan aðskilnað og viðhafður er á póst- og raforkumarkaði hérlendis.

Takmarkanir á því að rjúfa dagskrárliði og á sölu kostunar munu koma harkalega niður á fjármögnun íslenskrar dagskrárgerðar. Mjög fáir innlendir þættir ná 60 mín. lengd, algeng lengd á stórum og dýrum dagskrárliðum er 40-50 mínútur og er því gengið mjög langt í takmörkunum með því að miða við 60 mínútur.

Varðandi kostunartakmarkanir má sérstaklega benda á íþróttapætti en nánast allir íþróttapættir sem sýndir eru á RÚV eru kostaðir, oft í samvinnu við viðkomandi sérsambönd. Algengt er að kostunin sé að frumkvæði íþróttahreyfingarinnar og tengist kostunarsamningum sem íþróttahreyfingin hefur gert. Takmarkanirnar á kostun munu því ekki aðeins koma niður á möguleikum RÚV til að sýna fjölbreytt íþróttafni heldur einnig skerða möguleika íþróttahreyfingarinnar á því að afla tekna og/eða standa við þá samninga sem gerðir hafa verið. Jafnvel gæti svo farið að mikilvægir viðburðir yrðu ekki aðgengilegir almenningi.

#### **Breytingatillögur við frumvarpið**


- Tryggt verði að útvarpsgjald fylgi almennum verðlagsbreytingum.
- Ekki verði settar takmarkanir á kostun.
- Heimilt verði að rjúfa innlenda þætti.
- Ekki verði gerð krafa um stofnun dótturfélags með tilheyrandi viðbótarkostnaði og umsýslu, eins og ráðgert er.
- Auglýsingapak upp á átta mínútur á klukkustund hefur neikvæð áhrif á uppbyggingu dagskrár. Til að draga úr því er lagt til að sú takmörkun verði þannig úr garði gerð að hún sé að meðaltali átta mínútur á klukkustund á tímabilinu 19.00 – 22.00.
- Tekið verði sérstaklega á því í lagasetningu að starfsemi félagsins falli undir 12. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, eða a.m.k. að fyrir liggja afstaða ríkisskattstjóra um hvort umrædd breyting hafi áhrif á rétt félagsins til frádráttar innskatts.

#### **Lokaorð**

Um langt árabil hefur stöðugt verið þrengt að fjárhag RÚV sem hefur haft í för með sér að geta félagsins til að uppfylla lögbundið hlutverk sitt hefur orðið æ minni. Það getur tæpast verið ætlun stjórnvalda að með nýjum lögum um RÚV verði gengið lengra í þeim efnum.

Undirritaður óskar eftir fundi með þingnefndinni til að fara nánar yfir sjónarmið sín.

Virðingarfyllst,



Páll Magnússon

Útvarpsstjóri

**Meðfylgjandi:** Bréf frá Olav Nyhus, yfirlögfræðingi NRK í Noregi.

Bjarni Guðmundsson  
RUV

**Juridisk avdeling**

Postadresse:  
Postboks 8500 Majorstuen  
0340 OSLO  
Besøksadresse:  
Bjørnstjerne Bjørnsons plass 1

Sentralbord: 23 04 70 00  
Telefaks: 23 04 85 50  
Telefon direkte: 23 04 82 04  
Mobil: 41 56 55 54  
E-post: olav.nyhus@nrk.no

Norsk rikskringkasting as  
Foretaksreg.: NO976 390 512 MVA

Vår ref.:  
OAN

Dato:  
3. desember 2012

## **Organiseringen av kommersielle aktiviteter i public service radio- og tv-selskap**

Jeg viser til din forespørsel om de formelle krav til organiseringen av de kommersielle aktiviteter i public service radio- og tv-virksomhet.

EFTA Surveillance Authoritys (ESA) regelverk for statsstøtte til public service radio- og tv-virksomhet er basert på tilsvarende regelverk i EU. EU kommisjonen utstedte i 2009 nye retningslinjer for slik statsstøtte<sup>1</sup>. Retningslinjene ligger i dag til grunn også for reguleringen i EØS landene.

Av retningslinjenes fremgår at public service oppdraget må klart defineres. I medhold av Amsterdam-protokollen har medlemslandene stor frihet til selv å bestemme hvilke kanaler, programmer og tjenester som skal inngå i oppdraget. ESAs (og EU kommisjonens) rolle er begrenset til å kontrollere at det ikke forekommer åpenbare feil.

I retningslinjenes punkt 48 uttales imidlertid at det normalt vil være tale om slike "åpenbare feil" dersom kommersielle aktiviteter som reklame, e-handel, teleshopping, anvendelse av overtaksere telefonnumre i premiekonkurranser, sponing eller merchandising inkluderes i public service oppdraget. Konsekvensen av dette er at statsstøtten til virksomheten ikke må brukes til denne type aktiviteter. Det vil i så fall karakteriseres som ulovlig kryssubsidiering.


I retningslinjenes punkt 60 og utover stilles derfor krav om åpenhet ved statsstøttevurderingen. Ett av de grunnleggende krav er at virksomheten må sikre en klar og korrekt adskillelse mellom public service aktiviteter og andre aktiviteter, herunder adskillelse av regnskapene for de to kategorier.

---

<sup>1</sup> Communication from the Commission on the application of State aid rules to public service broadcasting (2009/C 257/01)

Verken ESA eller EU stiller således særskilte krav om at public service virksomheten og den kommersielle virksomheten må holdes adskilt i forskjellige selskap eller organisasjoner. Medlemslandene kan selv bestemme hva som er mest hensiktsmessig ut i fra en totalvurdering av de nasjonale forhold. Den kommersielle virksomheten kan gjerne drives innad i public service selskapet, men man da sikre separat regnskapsføring og revisjonsgjennomgang som bekrefter at virksomheten drives ut i samsvar med et armlengdes avstands prinsipp.

Med vennlig hilsen



Olav A. Nyhus  
Juridisk direktør